

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/2344**  
**komudagur 10.5.2012**



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 10. maí 2012  
Tilvísun: 2012040410/15-10-000

**Efni: Þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál**

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 10. maí 2012 var til afgreiðslu erindi Atvinnuveganefndar Alþingis dags. 25. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 727. mál („rammaáætlun“):

Sjónarmið umhverfisverndar eru góð og gild en þegar þau fara út í öfgar er í óefni komið. Í þessari tillögu er horft framhjá brýnni nauðsyn þess að skapa þúsundum atvinnulausra og nýrri kynslóð Íslendinga mannsæmandi lífsviðurværi með skynsamlegri nýtingu orkuauðlinda.

Þess vegna skorar bæjarráð Reykjanesbæjar á Alþingi að hafna tillögunni í núverandi mynd en virða þess í stað tillögur óháðra sérfræðinga frá því í júlí 2011. Sú tillaga sætti sjónarmið verndunar og nýtingar á fordómaíausan hátt og var unnin af virðingu fyrir náttúrunni og mannum sem hluta af henni.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elisabet Magnúsdóttir  
Ritari bæjarstjóra